185 **IV.**

Sjóður fátœkra ekkna í Norðurlandi, einkum í Hegranesþingi.

Tekjur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sjóður við árslok 1877 . . . . . | | 1603 kr. 70 a. |
| 2. | Vextir á árinu 1878 . . . . . | | 63 — 4- |
| | | Samtals | 1666 — 74- |

Gjöld.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Úthlutað 2 ekkjum í Skagafirði . . . . . | | | 60 kr. » a. |
| 2. | Sjóður við árslok 1878: | | | |
| | a. Ríkisskuldabrjef . . . . . | 276 kr. | » a. | |
| | b. Veðskuldabrjef . . . . . | 1300 — | » - | |
| | c. Peningar . . . . . | 30 — 74- | 1606 — 74- | |
| | | Samtals | | 1666 — 74- |

Skrifstofu biskups, Reykjavík 31. desember 1878,

*P. Pjetursson.*

KONSÚLL SKIPAÐUR.

Með því að Niljónius faktor Zimsen hefir verið skipaður konsúlaragent hins frakkneska þjóðveldis, hefir hans hátign konunginum þóknazt 5. október þ. á. að játa og samþykkja þetta embætti hans, þannig að hann njóti forgangsrjettinda þeirra og undanþágna, er bera konsúlaragentum útlendra ríkja.

---

**Stjórnartíðindin**, báðar deildir, A og B má panta á ritstofu landshöfðingja og öllum póststöðvum á landinu. Borgun fyrir þau er 1 kr. 66 a. um ár það, sem er að líða, þá er þau eru keypt, og verður að greiða hana fyrirfram, um leið og þau eru pöntuð. Um undanfarin ár eru stjórnartíðindin eigi til öðruvísi en hept, og kosta 1 kr. 90 a. árgangurinn, nema sá um árið 1874; hann kostar ekki nema 95 aura.

Stjórnartíðindin eru send þeim, sem œskja þeirra með póstum. Sje eitthvað áfátt við sendinguna, ber annaðhvort viðtakanda sjálfum eða hlutaðeigandi póstmanni samkv. 23. gr. auglýsingar 3. maí 1872, með næsta pósti eptir, að sendingin kom, að skýra ritstofu landshöfðingja frá því, sem vantar. Embættismönnum og hreppsnefndaroddvitum er skylt að halda þeim stjórnartíðindum, er þeim eru send kauplaust, saman í góðri reglu, og munu þeir að öðrum kosti verða skyldaðir til að útvega tíðindin eptir á af nýju á eigin kostnað.